

Alþingi
Erindi nr. P 136/812
komudagur 11.2.2009

Alþingi, allsherjarnefnd
vt. Elín Valdís Þorsteinsdóttir
nefndarritari
Austurstræti 8
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 11. febrúar 2009 02-2009020621
T-ums 02/09

Umsögn ríkisskattstjóra um frumvarp til laga um breyting á lögum um gjaldþrotaskipti o.fl. - 278. mál, þskj. nr. 497 - Skuldaaðlögun

Ríkisskattstjóri hefur þann 6. febrúar 2009 móttengið tölvupóst yðar þar sem embættinu er gefinn kostur á að veita umsögn um frumvarp til laga um breyting á lögum um gjaldþrotaskipti o.fl. nr. 21/1991 - 278. mál, þskj. 497.

Í athugasemdum með frumvarpinu kemur fram að í kjölfar bankahrunsins og þeirrar efnahagslæðgar sem fylgdi hafi stór hópur fólks lent í greiðsluvanda og því sé nauðsynlegt að tryggja einstaklingum virkara úrræði til að gera þeim kleift að endurskipuleggja fjármál sín. Með frumvarpinu er lagt til að lögfest verði sérstakt úrræði, skuldaaðlögun, fyrir einstaklinga sem ekki leggja stund á atvinnurekstur með ótakmarkaðri ábyrgð. Úrræðið lýsir sér í því að skuldari getur að ákveðnum skilyrðum fullnægðum leitað nauðasamnings til skuldaaðlögunar og að reglur um nauðasamninga gildi um slíka skuldaaðlögun nema beinlínis sé vikið frá þeim með ákvæðum frumvarpsins.

Umrætt frumvarp er að mörgu leyti líkt frumvarpi því sem lagt hefur verið fram á þskj. nr. 507. Það frumvarp gengur þó lengra þar sem gert er ráð fyrir því að það nái einnig til einstaklinga sem staðið hafa að atvinnurekstri með ótakmarkaðri ábyrgð. Ríkisskattstjóri vísar til umsagnar sinnar um þingmál 281, þskj. 507 þar sem fram kemur að ríkisskattstjóri telji rétt að gera breytingar á 3. tölul. 28. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt, þar sem tekin verði af öll tvímæli um hvort að 3. tölul. 28. gr. eigi að ná til þessa nýja úrræðis.

Virðingarfyllst
f. h. ríkisskattstjóra

Guðrún J. Jónsdóttir Ingvar J. Rögnvaldsson